

## ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2020

Heiti verkefnisins	Í myrkri eru allir kettir gráir
Markmið	Að setja upp tvo einleiki á Akureyri haustið 2020
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Í myrkri eru allir kettir gráir er tvíleikur með hléi. Einleikirnir fjalla um tvær ólíkar persónur, þær Sissu og Öldu.</p> <p>Sissa er tónlistarkona sem semur sín eigin lög og skemmtir í gæsapartíum. En er hún alvöru listamaður? Alda tekur viðtöl við flóttamenn og lýkur við meistararitgerðina sína á sama tíma og hún reynir að vinna úr fráfalli vinar. Er hægt að gleyma sínum sársauka með því að einbeita sér að sársauka annarra? Rúmar heimurinn umdeilda sönghæfileika Sissu og missi Öldu?</p>
Framkvæmdaaðili	Umskiptingar ehf.
Samstarfsaðilar	Eva Björg Harðardóttir og Umskiptingar
Tengsl við sóknaráætlun	<p>Verkefnið gefur listamönnum tækifæri til þess að koma sér á framfæri í sinni heimabyggð og hafa atvinnu af listsköpun sinni, sem bætir í fjölbreytni menningarflóru svæðisins.</p> <p>Umskiptingar eru allir nema einn búsettir á og við Akureyri og er eini atvinnuleikhópurinn á öllu Norður- og Austurlandi.</p> <p>Það verður ekki vanmetið að sögur fólks af svæðinu fái að heyrast og eins er það mikilvægt að ungt fólk geti haft atvinnu af sinni starfsgrein í sinni heimabyggð.</p> <p>Þetta verkefni er svo samstarfsverkefni milli Umskiptinga og ýmissa fagmanna víðsvegar að af landinu.</p> <p>Verkið er frumsköpun og hvor einleikurinn um sig fjallar um konu sem býr á Akureyri. Akureyringar hafa verið duglegir að taka til sín flóttamenn gegnum tíðina og snertir annar einleikurinn meðal annars á þeirri sérstöðu Akureyrar.</p> <p>Þá spila fríar almenningssamgöngur Akureyrar líka stórt hlutverk í verkinu!</p>
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	<p>Aukinn jöfnuður</p> <p>10.2 Verkið sem um ræðir miðar að því að skapa umræðu um og umburðarlyndi gagnvart ólíkum þjóðfélagshópum, þjóðernum og trúarbrögðum.</p>

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

<p>Árangursmælikvarðar</p>	<p>2. Að jákvætt viðhorf íbúa til menningar aukist.          3. Að störfum í listgreinum fjölgi          4. Að fjármagn til menningarmála aukist.          5. Að hamingja innan landshlutans aukist árlega</p> <p>Að auki getum við mælt ánægju fólks með leikritið í seldum miðum, umtali í samfélaginu og gagnrýni frá óháðum aðilum.</p>
<p>Lokafurð          (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)</p>	<p>Tvíleikurinn Í myrkri eru allir kettir gráir er með víða skírskotun og snertir meðal annars á viðfangsefnum eins og félagslegri einangrun, sjálfsvígum, einelti, ólíkum menningarheimum, stöðu flóttamanna, fordómum og fátækt.</p> <p>Tvíleikurinn segir sögur tveggja mjög ólíkra kvenna sem eru báðar búsettar á Akureyri. Þetta eru ekki hetjusögur heldur sögur breyskra kvenna, þeirra hindrana sem þær standa frammi fyrir og hvernig þær leitast við að finna sátt. Rauður þráður verkanna er svo að finnast maður óvelkominn og óviss um stöðu sína innan samfélagsins, leit eftir viðurkenningu, heimili eða stað til að tilheyra, á meðan maður er úr öllum áttum minntur á að hver sem er gæti komið í manns stað.</p> <p>Samfélagslegt gildi tvíleiksins er því ótvírætt, en hlutverk lista er oftast en ekki að fjalla um þau málefni sem brjótast um í fólki samtímans og kannski bjóða ný sjónarhorn eða lausnir. Þessi tvíleikur myndi auk þess verða kærkomin viðbót í listalíf Norðurlands eystra.</p> <p>Listrænt gildi er mikið því margir listamenn koma að verkinu, ekki bara leikarar, leikskáld og leikstjóri, heldur fjölbreytt teymi skapandi aðila sem sjá um tónlist, búninga og sviðsmynd, lýsingu og grafíska hönnun. Hver er fagmaður á sínu sviði og því mikilvægur efnahagslegur ávinningur til framtíðar að allir sem að verkefninu koma hafi innkomu og haldi listsköpun sinni áfram. Þá mun nærumhverfið hagnast á viðskiptum við verkefnið, en aðstandendur verkefnisins munu sækja sér margvíslega þjónustu í nærumhverfinu. Hvort sem það er hönnun og prentun leikskráa eða leiga á sýningarhúsnæði (sem við höfum fengið staðfestingu á fyrir haustið).</p>
<p>Upphaf og lok verkefnis</p>	<p>Upphaf verkefnis er maí 2020 en lok í september 2020</p>
<p>Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)</p>	<p>13.411.113 kr.</p>
<p>Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)</p>	<p>500.000 kr.</p>
<p>Mótframlag (ef við á)</p>	<p></p>
<p>Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)</p>	<p>Uppbyggingarsjóður Norðurlands Eystra hefur styrkt verkefnið um 1.000.000kr og Norðurorka um 100.000kr          Að auki höfum við fengið styrk í formi æfingarhúsnæðis fyrir 300.000kr          Áætluð miðasala er 900.000 (300 miðar á 3000kr</p>